



Reykjavík, 24. júní 2021

R21060202

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Breiðholt III - Fell - breyting á deiliskipulagi vegna Völvufells Drafnarfells og Eddufells

Á fundi borgarráðs þann 24. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði III, Fell, í Breiðholti vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 175 íbúðum, þar með talið námsmannaíbúðum, nýjum raðhúsum næst Suðurfelli, auk þess sem gert er ráð leikskóla. Endurhönnun hverfishlutans gerir ráð fyrir góðum tengingum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á fyrrilliggjandi stígakerfi ásamt því að gert er ráð fyrir fegrún götunnar Völvufells með gróðursetningu trjáa. Tillögurnar styrkja svæðið að okkar mati og styðja við þá verslun og þjónustu sem fyrir er í Drafnarfelli.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða að endurbæta hluta af Fellahverfinu, Völvufell. Byggingar hafa ekki mikið varðveislugildi og þess vegna er hægt að byggja allt upp að nýju. En hér er, sem og við Arnarbakka, gert ráð fyrir samgönguþróun sem ekki er víst að gangi eftir. Veruleg íbúafjölgun verður í Völvufelli ef áætlanir ganga eftir. Í gögnum segir: „Vinna skal samgöngumat ef tækifæri eru til að fækka bílastæðum, á stærri byggingarreitum eða hverfum, byggingarreitum með blandaðri landnotkun, á byggingarreitum í nágrenni við góðar almenningssamgöngur“ „Kortið sýnir einnig 20 mínutna svæði fyrir hjólandi en miðað er við 16,3 km/klst hjólahraða sem er meðalhraði í Kaupmannahöfn“. Hér er gert ráð fyrir að hröð umferð verði á

göngustígunum, en það er óraunhæft nema stígar verði teknir algerlega í gegn. Rangt er að hjólastígar séu góðir og talsvert er í að þeir verði gerðir viðunandi. Samanburður við hjólastígakerfið í Kaupmannahöfn á ekki við hér enda það allt annað og betra. Kallað hefur verið eftir viðgerðum á gangstéttum í hverfinu og var það langalgengasta athugasemdin í þessum málaflokk á íbúafundi. Varasamt er að fækka bílastæðum verulega áður en önnur góð samgöngutækifæri verða til að mati fulltrúa Flokks fólksins.



Helga Björk Laxdal
e.u.